

# Aðalfundur Kviku banka hf. 2018

## Dagskrá, tillögur og framboð til stjórnar

Aðalfundur Kviku banka hf., kt. 540502-2930, miðvikudaginn 21. mars 2018, kl. 16:00, á Nauthól, Nauthólsvegi 106, 101 Reykjavík, fundarsalur Sjónarhóll.

### Á dagskrá fundarins eru eftirfarandi liðir:

- 1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess síðastliðið starfsár**
- 2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2017 og ákvörðun um meðferð hagnaðar eða taps félagsins á reikningsárinu**

Stjórn leggur til að ársreikningur ársins 2017 verði samþykktur eins og hann er lagður fram.

Stjórn leggur til að hagnaður ársins 2017 leggist við eigið fé félagsins. Vísað er til ársreikningsins varðandi nánari upplýsingar um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Í þessu felst að ekki verður greiddur út arður til hluthafa á árinu 2018.

- 3. Tillaga stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins**

Stjórn félagsins leggur til að A. lið bráðabirgðaákvæðis I í samþykktum félagsins verði breytt á þann veg að hluthafar falli frá forgangsrétti sínum til áskriftar að nýjum hlutum samkvæmt þeirri heimild stjórnar til hækkunar hlutafjár sem ákvæðið kveður á um.

Eftirstöðvar heimildarinnar nema nú kr. 100.000.000 að nafnverði og samkvæmt ákvæðinu verður heimildinni ekki beitt nema með einróma ákvörðun stjórnarmanna á lögætum stjórnarfundi.

- 4. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins**

Eftirtaldir aðilar hafa boðið sig fram í stjórn félagsins:

- Guðjón Reynisson, kt. 131163-3209
- Guðmundur Örn Þórðarson, kt. 100372-5259
- Hrönn Sveinsdóttir, kt. 230367-5079
- Inga Björg Hjaltadóttir, kt. 100270-5289
- Kristín Pétursdóttir, kt. 091165-8059

Eftirtaldir aðilar hafa boðið sig fram í varastjórn félagsins:

- Kristín Guðmundsdóttir, kt. 270853-7149
- Pétur Guðmundarson, kt. 050550-2499

## **5. Endurskoðendur félagsins**

Á aðalfundi félagsins árið 2016 var Deloitte ehf. kosið sem endurskoðunarfyrtæki félagsins til fimm ára í samræmi við 2. mgr. 90. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Ekki er lögð til breyting á því.

## **6. Starfskjarastefna félagsins**

Stjórn félagsins leggur til að framlögð starfskjarastefna verði samþykkt. Um umfjöllun um starfskjarastefnu, kaupaukakerfi og laun forstjóra, framkvæmdastjóra og stjórnar vísast til skýringa nr. 10, 65 og 66 í ársreikningi bankans.

## **7. Ákvörðun þóknunar til stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefnd stjórnar**

Stjórn leggur til að þóknun stjórnarmanna og nefndarmanna í undirnefnd stjórnar taki breytingum í samræmi við breytingar á launavísitölu síðastliðið ár en hún hækkaði um 6,86% á árinu 2017. Þannig er lagt til að þóknun stjórnarformanns fyrir næsta starfsár félagsins verði ákveðin kr. 827.748,- á mánuði og annarra stjórnarmanna kr. 413.874,- á mánuði. Þá er lagt til að varamenn í stjórn fái greiddar kr. 41.386,- fyrir hvern setinn stjórnarfund. Loks er lagt til að formaður í undirnefnd stjórnar fái greiddar kr. 413.874,- á mánuði en aðrir nefndarmenn kr. 206.938 á mánuði.

## **8. Samantekt stjórnar um hlutafjáreign og samstæðutengsl**

Vísað er til skýrslu stjórnar í ársreikningi sem og skýringa nr. 22, 23 og 68.

## **9. Önnur mál**